

Miðvikudaginn 15. janúar 1958.

Nr. 1/1958. **Ragnar Blöndal h/f**
 gegn
Brandi Brynjólfssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kröfu um frávísun vixilmáls hrundið. Kærumál.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 20. desember 1957, er barst dóminum 3. þ. m. Hann krefst þess, að úrskurður héraðsdóms verði felldur úr gildi og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati dómsins.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja eftir mati Hæstaréttar.

Með skírskotun til 49. gr. vixillaga nr. 93/1933 og að öðru leyti samkvæmt rökum hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að sóknaraðili greiði varnaraðilja kærumálskostnað, kr. 500.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Ragnar Blöndal h/f, greiði varnaraðilja, Brandi Brynjólfssyni, kærumálskostnað, kr. 500.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. desember 1957.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar hinn 25. f. m., hefur Brandur Brynjólfsson lögfræðingur, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, útgefinni 22. október s.l., gegn Ragnari Blöndal h/f, til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 49.734.85 ásamt 7% ársvöxtum frá 11. desember 1954 til greiðsludags, ½% fjárhæðarinnar í þóknun, kr. 116.00 í afsagnarkostnað og málskostnaði af skaðlausu.

Stefndi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt víxli, útgefnum af Helga Benediktssyni, Vestmannaeyjum, hinn 28. ágúst 1954 og samþykktum af Gunnari Hall f. h. Ragnars Blöndals h.f. til greiðslu hinn 11. desember 1954 í Útvegsbanka Íslands h.f. hér í bænum. Víxill þessi var afsagður sökum greiðsufalls hinn 14. desember 1954.

Stefndi hefur krafizt þess, að málinu verði vísað frá dómi og honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að víxil þann, sem mál þetta fjallar um, hafi stefndi greitt með nýjum víxli sömu fjárhæðar, útgefnum af Helga Benediktssyni hinn 28. desember 1954 og samþykktum af stefnda til greiðslu 12. febrúar 1955. Sá víxill hafi síðan verið greiddur Útvegsbanka Íslands h/f í sambandi við skuldaskil stefnda, en í stað þess að skila þá upprunalega víxlinum, þ. e. víxli þeim, er mál þetta fjallar um, þá hafi Helgi Benediktsson geymt hann, þar til hann gerði tilraun til að innheimta hann á síðastliðnu vori. Er það ekki tókst, hafi hann geymt víxilinn fram á síðastliðið haust, er hann virðist hafa framselt hann stefnanda máls þessa.

Reisir stefndi frávísunarkröfu sína á því, að í framsali Helga Benediktssonar til stefnanda á umræddum víxli felist ekki framsal víxilréttar, heldur sé þar um að ræða almennt framsal kröfu, sbr. 20. gr. víxillaganna. Krafa stefnanda sé því ekki víxilkrafa og beri að leggja málið fyrir sáttanefnd. Það hafi ekki verið gert, og beri því að vísa málinu frá dómi.

Stefnandi hefur krafizt þess, að hinni framkomnu frávísunarkröfu verði hrundið og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnda. Er því haldið fram af stefnanda, að í 2. málslíð 20. gr. víxillaganna felist aðeins það, að sá, sem framselur víxil eftir gjalddaga, verði ekki víxilskuldari.

Víxill sá, sem mál þetta fjallar um, er gefinn út af Helga Benediktssyni og framseldur honum af Útvegsbanka Íslands. Næst er á víxlinum áritun útibús Útvegsbanka Íslands h.f. í Vestmannaeyjum, dagsett 23. september 1954. Þá er á víxlinum vottorð um afsögn vegna greiðslufalls, dagsett 16. desember 1954, en samkvæmt afsagnargerð, sem fest er við víxilinn, hefur afsögn farið fram hinn 14. desember 1954. Á víxilinn hefur verið ritað af hálfu Útvegsbanka Íslands h/f í Vestmannaeyjum, að hann hafi verið greiddur hinn 28. desember 1954, en í þá áritun hefur verið ritað, að víxilinn hafi verið greiddur af útgefanda,

og hefur eigi verið véfengt í málinu, að svo sé. Þá er að lokum svohljóðandi framsal á víxlinum, undirritað af útgefanda: „Framselt handhafa með skírskorun til áritunar Útvegsbankans án ábyrgðar fyrir framseljanda“.

Plagg það, sem stefnt er til greiðslu á í máli þessu, er víxill að lögum. Framseljandi öðlaðist sem útgefandi víxilsins við innlausn hans víxilrétt á hendur samþykkjanda. Verður eigi annað séð, þrátt fyrir áðurgreint ákvæði 20. gr. víxillaganna, en að stefnandi geti sem framsalshafi rekið mál út af víxlinum sem víxilmál og verður því frávísunarkrafa stefnda ekki tekin til greina.

Rétt þykir, að ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíði, þar til væntanlegur efnisdómur gengur í málinu.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna, en sökum anna hefur orðið dráttur á uppkvaðningu hans.

Því úrskurðast:

Hin framkomna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.

Mánudaginn 20. janúar 1958.

Nr. 170/1956. **Árni Guðmundsson** (Páll S. Pálsson hrl.)
 gegn
Guðmundi Guðnasyni
 (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Mál til heimtu verðlagsuppbótar samkvæmt kjarasamningi. Ágreiningsatkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. desember 1956, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-